

## Fyrirspurn

til samgönguráðherra um gjaldtöku fyrir farsíma- og netþjónustu.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hver hefur verið þróun gjaldtöku fyrir farsíma- og netþjónustu sl. þrjú ár og hvernig er verðlagningu héraendis háttáð borið saman við gjaldtöku fyrir þessa þjónustu annars staðar á Norðurlöndum?
2. Er ástæða til að ætla að farsímafyrirtækin séu með samræmda gjaldtöku fyrir reikisímtöl í farsíma?
3. Hver má ætla að kostnaður símafyrirtækja sé vegna flutnings símtala í farsíma annars vegar og hins vegar raunkostnaður fyrirtækjanna við símtalaflutning milli landa? Hver er síðan kostnaður neytenda af þessari þjónustu?
4. Er á döfnni að setja bindandi reglur um hámarksgjald sem taka má fyrir farsímaþjónustu, líkt og fyrirhugað er innan Evrópusambandsins?

**Skriflegt svar óskast.**